

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl. 7. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „innheimtu“ kemur: fyrirframgreiðslna.
- b. Orðin „í staðgreiðslu“ falla brott.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrirframgreiðsla búnaðargjalds á árinu 1998 skal þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna nema 2,65% af veltu gjaldanda á árinu 1997 skv. 11.–13. gr. laga um virðisauka-skatt, nr. 50/1988.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum,  
eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Hópfreiðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni, skulu undanþegnar vörugjaldi.
- b. Við 3. tölul. bætast tveir nýir stafliðir, f- og g-liður, sem orðast svo:
  - f. Dráttarbifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
  - g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
- c. Við a-lið 4. tölul. bætist: að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- d. Við d-lið 4. tölul. bætist: að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin gjaldskyldu.
- b. 5. tölul. 2. mgr. fellur brott.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal skráðum eigendum dráttarþifreiða og vélknúinna ökutækja til sérstakra nota, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd, sbr. 1. gr. laga þessara, og tollafgreidd voru eða gjaldskyld aðvinnsla var framkvæmd á, á tímabilinu frá 22. maí 1997 og fram til gildistöku laga þessara, helming af því vörugjaldi sem greitt var af ökutækinu, enda hafi verið greitt 30% vörugjald af því. Ef skráður eigandi er eignarleigufyrirtæki skal greiðsla þó bundin því skilyrði að henni verði ráðstafað til leigutaka þifreiðar. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað 2.–3. málsl. 26. gr. laganna koma þrjár nýir málslíðir svohljóðandi: Stuðullinn skal miðast við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils. Miða skal breytinguna við þann mun sem verður á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hafi aðili annað reikningsár en almanaksárið skal miða stuðulinn við þann mun sem verður á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð tekjuárs og vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð eftir lok þess tekjuárs.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 30. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: Iðgjöld launþega til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömulaga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.
- b. 6. tölul. orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2%